

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Ógilding á deiliskipulagsbreytingu á lóð við Breiðhelli 14.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 25. janúar 2011 að ógilda breytt deiliskipulag lóðarinnar við Breiðhelli 14. „Þar sem leiðréttur uppdráttur barst ekki og lóðin er ekki lengur í eigu umsækjanda fellir skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkt um deiliskipulagsbreytinguna úr gildi.“

Deiliskipulagsbreytingin, sem fellur úr gildi, var samþykkt hjá skipulags- og byggingarfulltrúa þann 31. október 2007.

Ógildingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 24. mars 2011,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2011